

Rafrænar skilagreinar – skil til LSR

Landssamtök lífeyrissjóða hafa gefið út samræmda færslulýsingu sem gildir fyrir alla sjóða innan þeirra vébanda. Nokkur svið í henni eru aðeins notuð af þeim sem greiða til LSR og LH.

Nr.	Atriði	Lengd
1	Kennitala vinnuveitanda	10
2	Dagsetning útborgunnar	8
3	Tegund færslu L, X eða R	1
4	Númer lífeyrissjóðs	3
5	Kennitala launþega	10
6	Ár/mánuður sem greitt er fyrir	6
7	Iðgjald launþega	12
8	Mótframlag launagreiðanda	12
9	Hlutfall séreignar launþega	4
10	Hlutfall séreignar launagreiðanda	4
11	Auðkenni/launatákn	3
12	Ekki notað hjá LSR	3
13	Tímabil frá	8
14	Tímabil til	8
15	Starfshlutfall (B-deild LSR/LH)	5
16	Launatafla (B-deild LSR/LH)	4
17	Launaflokkur (B-deild LSR/LH)	4
18	Launaprep (B-deild LSR/LH)	3
19	Kennaraviðbót	12
20	Ekki notað hjá LSR	12
21	Kennitala launagreiðanda	10

Skýringar á svæðum:

1 og 5. Skrifa skal kennitölur án bandstriks.

2. Dagsetning þegar launakeyrsla er framkvæmd eða útborgunardagsetning. Ritháttur er: ÁÁÁÁMMDD (ár, mánuður og dagur).

3. Tegund færslu getur verið:

L - Greiðsla iðgjalds í sameign (þ.e. A og B deild LSR auk LH)

X - Greiðsla iðgjalds í Séreign LSR

R – Greiðsla endurhæfingargjalds (samhliða greiðslum í sameign)

4. Númer lífeyrissjóðs :

Númer	Lífeyrissjóður/stéttarfélag
350	Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH) - dagvinna
351	LH vaktaálag
352	LH sjóðfélagar á 95 eða 32 ára reglu (regla)

650	B-deild, dagvinna
653	B-deild, vaktaálag
654	B-deild, regla
657	B-deild, grunnskólakennarar, dagvinna
658	B-deild, grunnskólakennarar, regla
660	A-deild
670	Séreignadeild

6. Ritháttur er: ÁÁÁÁMM (ár og mánuður). Dæmi: 199307 tákna júlí 1993.

7 og 8. Ritháttur er krónur og aurar. Dæmi: Upphæðina 1.250,25 kr. skal skrifa sem : '____125025' (þar sem ' _ ' er stafbil) eða '000000125025'. [Endurhæfingagjaldi \(tegund færslu R\)](#) skal sett í svæði 8 og þá haft 0 í svæði 7.

9. Prósentuhlutfall sem launþegi greiðir af sínum launum í Séreign LSR.

10. Prósentuhlutfall sem launagreiðandi greiðir af launum launþega í Séreign LSR.

11. Auðkenni eru notuð í B-deild og LH til þess að tákna tegundir færslna og eru þá kölluð launatákn. Sjá nánari umfjöllun um launatákn í viðauka. Auðkennisdáلكurinn er líka notaður til þess að tákna summufærslu fyrir skilgreinina (þá setur maður 'S' í dálkinn). Í A-deild og Séreign er auðkennið ekki notað og skal því vera autt í skilgreininni.

12. Þetta svæði skal vera autt.

13 og 14. Ef greiðslan á ekki ákveðinn ár/mánuð heldur tímabil, þá skal tilgreina það hér. Ritháttur er ÁÁÁÁMMDD.

15. Prósentu með tveimur aukastöfum. Dæmi: 100% er skrifað 10000 og 62,5% er skrifað 6250.

16. Launatafla sem greitt er samkvæmt (aðeins fyrir B-deild og LH).

17. Launaflokkur sem greitt er samkvæmt (aðeins fyrir B-deild og LH).

18. Launþrep sem greitt er samkvæmt (aðeins fyrir B-deild og LH).

19. Kennaraviðbót í B-deild. Viðbótarframlag 7.5% er greitt af launum grunnskólakennara af iðgjaldsstofni (iðgjaldsstofn er sú upphæð sem iðgjald til lífeyrissjóðsins er reiknað af).

20. Þetta svæði skal vera autt.

21. Kennitala launagreiðanda án bandstriks.

Summufærslur

Aftast skal skrifa summufærslu fyrir hverja tegund greiðslu þ.e. eina summufærslu fyrir iðgöld, eina færslu fyrir endurhæfingarsjóð o.s.frv. Í summufærslu eru eftirtalin svæði notuð:

- Kennitala launagreiðanda (1)
- Dagsetning (2)
- Tegund færslu (3)
- Númer lífeyrissjóðs (4)
- Iðgjald (7)
- Mótframlag (8)
- Auðkenni (10)
- Kennaraviðbót (19)

Önnur svæði eru auð.